

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 4. júlí 2018
UST201806-312/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Faxaflóahafnir


Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða dýpkun hafna í Reykjavík og meðferð dýpkunarefnis sem ekki nýtist til landfyllinga. Talið er að á árunum 2019-2023 geti fallið til um 140.000 m³ af dýpkunarefni sem komið verður fyrir á gömlu námusvæði á hafsbotni austan Engeyjar en efni hefur verið losað á þessu svæði um nokkurn tíma.

Þegar um varp dýpkunarefna í hafið er að ræða þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Gerð er krafa um mælingar á mengunarstigi þessa efnis og ef mengun mælist yfir viðmiðunarmörkum verður það efni meðhöndlað í samráði við Umhverfisstofnun og Hafrannsóknarstofnun. Fram kemur í greinargerð að heilt yfir hefur mengunarstig sets í Sundahöfn verið undir viðmiðunarmörkum.

Að tekni tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymistjóri